



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Ársskýrsla 2019

FRÁ FORSTJÓRA HSU

Að baki er viðburðarríkt starfsár í heilbrigðisþjónustu HSU. Rekstur hverrar heilbrigðisstofnunar er mikil áskorun og mikilvægt er að nýta fjármuni á hverjum tíma þannig að við stöndum undir þeirri ábyrgð að tryggja aðgengi að öruggari heilbrigðisþjónustu. HSU hefur verið að glíma við hallarekstur undanfarnin þrjú ár og því er ljóst að vanda þarf til verka við að snúa þeirri þróun við. Framkvæmdastjórn leitar stöðugt leiða til að ná niður hallarekstri stofnunarinnar með aðhaldi í rekstri og öðrum leiðum til að draga úr kostnaði. Á sama tíma er mikilvægt að halda áfram að bæta þjónustuna og efla HSU sem heilbrigðisstofnun. Á undanförunum misserum hefur farið fram öflugt umbótastarf innan stofnunarinnar og er mikilvægt að halda þeirri vinnu áfram og nýta sem best fjármagn, mannauð og færni allra til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum og áskorunum sem bíða HSU. Mikilvægt er að horfa björtum augum til framtíðar og vera með skýra framtíðarsýn og hefur HSU alla burði til að vera framsækin stofnun sem tileinkar sér að vera í fararbroddi í heilbrigðisþjónustu og heilbrigðismenntun í dreifbýli.

Margt var á döfinni á síðasta starfsári og er ánægjulegt að greina frá nýrri starfsemi geðheilbrigðisteymis innan HSU. Teymið tók formlega til starfa í lok árs 2019, eftir langa og stranga undirbúningsvinnu. Markmiðið með nýja geðheilbrigðisteyminu er að veita þverfaglega þjónustu á sviði geðheilbrigðismála og er þessi þjónusta viðbót við þau úrræði sem hafa verið til staðar innan HSU. Það er einnig ánægjulegt að greina frá því að formleg sameining allra heilbrigðisstofnana á víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins er nú lokið. Heilbrigðisstofnun Suðurlands var stofnuð þann 1. október 2014 þegar heilbrigðisstofnanir í Suðurlandsumdæminu voru sameinaðar. Formleg sameining tók gildi 1. janúar 2015, en Sveitarfélagi Hornafjarðar var þó falið að reka áfram heilbrigðisþjónustuna á Höfn í samvinnu við HSU. Samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra í lok ársins 2019 var HSU falið að taka við ábyrgð og rekstri allrar heilbrigðisþjónustu á Höfn í Hornafirði, að hjúkrunar- og dvalarrýmum undanskildum og lauk þeirri sameiningu þann 1. apríl 2020. Mikilvægt skref í jafnréttismálum náðist á starfsárinu þar sem vinna við jafnlaunastefnu HSU lauk með því að stofnunin hlaut jafnlaunavottun. Markmið stefnunnar er að óútskýrður launamunur verði innan við uppgefin frávík, sem ánægjulegt er að greina frá að HSU uppfyllir nú þegar. Á árinu var einnig hafin undirbúningsvinna að stefnumótun fyrir HSU. Meginmarkmið verkefnisins er að setja HSU skýra framtíðarsýn og ákveða mælikvarða sem stuðla að því að stefnan verði að raunveruleika. Jafnframt er það markmið verkefnisins að stuðla að sterkari liðsheild meðal starfsmanna, aukinni starfsánægju og bættri þjónustu til þeirra sem leita til stofnunarinnar. Framundan eru því fjölmörg spennandi verkefni til að bæta þjónustu HSU í anda gilda stofnunarinnar, sem eru fagmennska, virðing og samvinna.

Það er ekki hægt að ljúka þessari yfirferð án þess að minnast á stóra verkefnið sem í upphafi ársins 2020 blasti við allri heilbrigðisþjónustu um heim allan. Baráttan við Covid-19 hefur gefið heilbrigðisþjónustunni í heild tækifæri til endurskoðunar enda ýmislegt sem hægt er að læra af þeim viðbrögðum sem ráðist var í. Verkefnið hefur verið mjög lærdómsríkt, en jafnframt krefjandi, og víst er að við getum ekki afskrifað þennan vágast ennþá. Við tókumst á við þessar áskoranir með jákvæðni og bjartsýni. Á þessum síðustu og verstu tímum kom glögglega í ljós mikilvægi þess að vinna saman sem ein heild að því að ná góðum árangri í starfsemi og nýta þau tækifæri sem gefast. Á þessum tímum hefur heilbrigðiskerfið verið undir miklu álagi, en í dag bendir flest til þess að kerfið hafi staðist þá miklu þolraun sem það stóð frammi fyrir. Margir hafa unnið ómetanlegt starf og ljóst er að margar nýjar lausnir hafa skotið upp kollinum, lausnir sem flestar eru í takt við heilbrigðisstefnuna og geta því vel átt við þegar faraldurinn er genginn yfir. Sem dæmi má nefna eflingu fjarheilbrigðisþjónustu og möguleika einstaklinga á að hafa samband við heilbrigðisþjónustu stafrænt, breytt vinnufyrirkomulag á heilsugæslustöðvum, breytingu á dag- og göngu-deildarþjónustu, aukningu á rafrænum lausnum og svo mætti lengi telja.

Í upphafi faraldursins var gripið til róttækra viðbragðsáætlana innan HSU. Þá var heilsugæslustöðvum og göngudeildum lokað í þeirri mynd sem við þekktum áður og heilbrigðisþjónustan færðist í auknu mæli yfir í fjarheilbrigðisþjónustu. Á Selfossi var opnuð COVID deild sem þjónustaði alla starfsemi sem tengdist faraldurinum. Lokað var á heimsóknir á legu- og hjúkrunardeildum. Miklar breytingar voru gerðar á skipulagi, verkefnum forgangsraða og tryggt var að nauðsynlegri þjónustu væri sinnt. Starfsmenn HSU unnu mikið þrekvirki og voru fljótir að tileinka sér nýjan samskiptamáta, starfsaðferðir og tækni til að mæta breyttum tímum.

HSU nýtur mikils velvilja í samfélaginu og fékk fjölmargar gjafir til kaupa og endurnýjunar á tækjabúnaði. Við sendi öllum þeim félögum og einstaklingum sem hafa lagt okkur lið okkar dýpstu þakkir.

Eins og fyrr segir er ljóst að okkar bíða fjölmörg verkefni. Við þurfum að leggja okkur fram við að leita allra leiða til að standa vörð um þjónustuna sem við ætlum okkur að veita og jafnframt vinna að því að létta undir með starfsmönnum þannig að álagið verði okkur ekki um megn. Ljóst er að tækifærin leynast víða og munum við leggja okkur fram við að veita örugga og góða heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Díana Óskarsdóttir, forstjóri



STARFSEMI HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfossi, Laugarási, Rangárþingi (Hellu og Hvolsvelli), Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Einnig eru starfrækt tvö sjúkrahús, eitt á Selfossi og annað í Vestmannaeyjum. Á Höfn í Hornafirði eru einnig nokkur bráðarými. Að auki eru hjúkrunar- og hvíldarrými rekin á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Á Selfossi er opin bráðamóttaka allan sólarhringinn. Á öllum heilsugæslustöðvum HSU er bráðavakt lækni fyrir neyðartilfalli. Þá annast stofnunin alla sjúkraflutninga á svæðinu. Hjá stofnuninni starfa um 550 manns að jafnaði í 344,2 stöðugildum.

HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Á öllum heilsugæslustöðvunum er veitt grunnþjónusta með áherslu á forvarnir og fræðslu. Þar er móttaka sjúklinga, bráða- og slysaþjónusta, vaktþjónusta, skólaheilsugæsla, heima-hjúkrun, mæðra- og ungbarnavernd, hjúkrunar- og sálfræðiþjónusta.

Heilsugæslan veitir fjölbreytta þjónusta lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta, ásamt móttöku sérfræðinga.

Að auki sinnir heilsugæslan á Selfossi lækni- og hjúkrunarþjónustu á Litla Hrauni.

LYFLÆKNINGA- OG SJÚKRADEILDIR

Á Selfossi er 18 rúma sólarhringsdeild þar sem veitt er almenn lyflækningaþjónusta og bráðaþjónusta í lyflækningum. Í Vestmannaeyjum er starfrækt 12 rúma sjúkradeild (legudeild) fyrir almenna sjúkrahúsþjónustu.

BRÁÐA- OG SLYSAMÓTTAKA SELFOSSI

Sólarhrings bráðamóttaka er á Selfossi með tvö skammverurými. Bráðamóttakan sinnir afar víðfeðmu svæði, allt frá Hellisheiði að Höfn í Hornafirði. Á deildina koma íslenskir og erlendir ferðamenn og sá mikli fjöldi fólks sem býr og dvelur í sumarhúsaþbyggðum í nágrenni við Selfoss og í uppsveitum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

HJÚKRUNARDEILDIR

Á Selfossi eru 40 hjúkrunarrými og 2 hvíldarrými á einni hjúkrunardeild, Foss- og Ljósheimum. Í Vestmannaeyjum eru 7 hjúkrunarrými og 2 hvíldar/biðrymi á sjúkradeild. Á báðum deildum er veitt meðferð til að efla og uppfylla andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir. Einnig er reynt að færa tilbreytingu inn í daglegar athafnir, efla tólmundastarf og veita fræðslu.

LJÓSMÆÐRAVAKTIR

Á Selfossi og í Vestmannaeyjum er ljósmæðrastýrð fæðingarþjónusta. Ljósmæður HSU sinna einnig konum með meðgöngu-tengd vandamál sem þurfa stutta innlögn eða göngudeildarþjónustu. Allri mæðravernd á Selfossi og í Vestmannaeyjum er sinnt af ljósmæðravaktinni. Auk þess sinna ljósmæður á HSU allri mæðravernd á öllum heilsugæslustöðvum HSU á Suðurlandi. Á Selfossi eru ljósmæður deildarinnar á bakvakt fyrir hjúkrunardeild HSU á næturnar.

GÖNGUDEILDIR LYFLÆKNINGA

Á Selfossi er rekin göngudeild lyflækninga alla virka daga og í Vestmannaeyjum tvisvar í viku fyrir sérhæfðar lyfjagjafir. Á göngudeild koma sjúklingar í blóðskilun, blóð- eða lyfjagjöf og vegna sjúkdóma eins og meltingarfæra-, húð-, tauga-, gigtar- og blóðsjúkdóma og krabbameina. Göngudeildir hjartasjúkdóma eru á báðum stöðum, þar sem gerð eru álagspróf og sólarhringsmælingar á hjartslætti og blóðþrýstingi.


SJÚKRAFLUTNINGAR

Aðalstarfsstöð sjúkraflutninga HSU er á Selfossi, en alls eru starfsstöðvarnar 6 talsins og sinna saman víðfeðmasta svæði landsins sem eitt lið sinnir, allt frá Hellisheiði austur í Lónsheiði. Undir þá falla fjölförnustu ferðamannastaðirnir á svæðinu uppsveitir í Árnes- og Rangárvallasýslum og austur í Örfasveit, auk hálandissvæða sem því tilheyra.


AÐRAR DEILDIR

Sjúkra- og iðjuþjálfarar og hreyfistjóri eru starfandi við HSU. Rannsóknastofur og myndgreiningadeildir eru á Selfossi, í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði og sinna öllum deildum HSU ásamt dvalarheimilum og heilsustofnunum á svæðinu. Skrifstofa og yfirstjórn HSU hefur aðsetur á Selfossi. Heilbrigðisgagnafræðingar vinna á Selfossi og í Vestmannaeyjum og móttökuritarar starfa á öllum stöðvum.

Komur á BMT Selfossi




Heimahjúkrun




ÁR Á HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS



Samskipti á heilsugæslu



Sálfræðiþjónusta




Samskipti yfir öll viðtöl, komur, símtöl, eftirlit o.fl.

ÁR Á HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS




Legudagafjöldi í sjúkrarýmum




Samtala á dagafjölda sem hver einstakur sjúklingur liggur inni á deild.

Meðallegutími í sjúkrarýmum




Meðallegutími hvers einstaks sjúklings mælt í dögum.

**Þjónustusvæði HSU er 30.000 km²
eða um 32% af Íslandi.
Heildarfjöldi íbúa
umdæmisins er 30.833.**



Tölur sýna fjölda skjólstaðinga á hverja heilsugæslustöð.



Almenn sjúkrahús með bráðamóttöku



Læknir eða heilbrigðisstarfsmaður á bráðavakt fyrir neyðartilfelli



Heilsugæslustöð og sjúkrarými



Heilsugæslustöð



Starfstöð sjúkrabíla með vakt sjúkraflutningamanna allan sólarhringinn

TÖLUR ÚR REKSTRI HSU í þúsundum króna

Yfirlit um afkomu ársins 2019 í samanburði við 2018


	2019	2018
TEKJUR		
Fjárveitingar og framlög á móti afskriftum	5.724.038	5.173.015
Rekstrartekjur	897.033	746.860
Tekjur alls	6.621.071	5.919.875
GJÖLD		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	(4.402.692)	(4.062.460)
Annar rekstrarkostnaður	(2.283.683)	(1.920.182)
Afskriftir	(53.938)	(50.648)
Gjöld alls	(6.740.313)	(6.033.290)
Fjármagnsliðir	166	(2.268)
Afkoma ársins	(119.076)	(115.683)

GJAFIR TIL HSU 2019


Á hverju ári færa velunnarar HSU stofnunni gjafir, bæði smáar sem stórar. Að njóta slíkrar góðvildar frá einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum er ómetanlegt fyrir starfsseminu. Starfsfólk HSU færir öllum eftirtöldum hugheilar þakkir fyrir gjafirnar.

Afkomendum Laufeyjar Guðmundsdóttur, Ási Hveragerði, Exbert kælingu, Guðna Guðmundsyni, Hótel Dyrhólaeyja, Krabbameinsfélagi Árnassýslu, Kvenfélagi Hveragerðis, Kvenfélaginu Einingu, Kvenfélaginu Framtíðinni, Kvenfélaginu Hvöt, Kvenfélaginu Lóu, Kvenfélaginu Sigurvon, Kvenfélaginu Villingaholtshreppi, Ladies Circle í Reykjavík og Örafum, Lionsklúbbi Selfoss, Rebekkustúku nr. 9 Þóru, I.O.O.F. Oddfellowreglunni, Sambandi Sunnlenskra kvenna, Sigfríði Kristinsdóttur, Styrktarsamtökum heilsugæslunnar Kirkjubæjarklaustri, Vínafélagi Foss- og Ljósheima, Vosbúð nytjamarkaði.

Sjúkrarúmanýting



Sjúkraflutningar



Meðalfjöldi stöðugilda hjá HSU árið 2019 er 344,2 og skiptust í eftirtalin ársverk:

- 78,5 ársverk hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra
- 49,0 ársverk sjúkraliða
- 32,5 ársverk við aðhlyningu
- 31,0 ársverk sjúkraflutningamanna
- 25,4 ársverk við ræstingu og þvotta
- 24,0 ársverk móttökuritarara og heilbrigðisgagnafræðinga
- 21,3 ársverk lækna og sérfræðinga
- 14,5 ársverk við innkaup, stjórnunar- og skrifstofustörf
- 13,5 ársverk við myndgreiningu og rannsókn
- 12 ársverk við eldhússtörf
- 4,0 ársverk geðheilsuteymis og sálfræðinga
- 3,5 ársverk við endurhæfingu
- 3,5 ársverk við umsjón fasteigna
- 31,5 ársverk við afleysingar og annað



Selfoss



Vestmannaeyjar



Höfn í Hornafirði



Hella



Hvolsvöllur



Hveragerði



Þorlákshöfn



Laugarás



Kirkjubæjarklaustur



Vík í Mýrdal

GILDI HSU



FAGMENNSKA

- Við búum yfir faglegri hæfni og umgöngumst notendur þjónustunnar af virðingu og nærgætni.
- Við erum opin fyrir þróun og nýbreytni í starfseminni og endurmetum vinnubrögð okkar í þeim tilgangi að bæta árangur.
- Við vinnum eftir skýrum verkferlum og virku gæðakerfi.



VIRÐING

- Við sýnum notendum og samstarfsfólki virðingu.
- Við hlustum og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða við úrlausn mála og samskipti okkar byggja á trausti til hvers annars.
- Við kappkostum að veita þjónustu á grundvelli jafnræðis og vinnum saman að lausn verkefna með velferð notenda þjónustunnar að leiðarljósi.



SAMVINNA

- Við veitum góðri frammistöðu athygli og hvetjum hvert annað.
- Við deilum þekkingu og erum tilbúin að leita eftir handleiðslu hvert hjá öðru.
- Við vinnum saman sem ein heild við að sinna hagsmunum og þörfum þeirra sem til okkar leita.
- Við ástundum samvinnu við hagsmunaaðila.